

Umhverfisstofnun Áb. <i>OPJ</i>
20 JAN. 2005 <i>54.23</i>
Tilv. <i>UST20050100096</i>



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun  
Háskólastráti 10  
101 Reykjavík  
Sími: 570 9400  
Netfang: [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Reykjavíkurborg  
Björn Axelsson  
Skúlatúni 2  
105 Reykjavík

19. janúar 2005  
Tilvísun: UST20050100096/6aj

### Efni: Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals

Vísað er til bréfs skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar dags. 10. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Um er að ræða breytingu á núverandi frárennsliskerfi við Sævarhöfða og tilkomu fjögurra settjarna. Markmið framkvæmdanna er að fella út óuppleyst botnfellanleg efni sem berast frá gatnakerfum, bílaplönnum og þakflötum ofan Sævarhöfða og minnka þannig mengunarálag á Elliðaárnar.

Elliðaárdalurinn er á náttúruminjaskrá, en þar segir:

*Elliðaárdalur, Reykjavík, Kópavogi. (1) Vatnasvið Elliðaár í Elliðaárdal, frá upptökum í Elliðavatni allt til ósa. (2) Fjölbreytt náttúrufar, kjörið útivistarsvæði í þéttbýli.*

Samkvæmt símtali við Gunnar Hjartarson hjá Gatnamálastofu þann 17. janúar sl. er gert ráð fyrir að dæla þurfi úr settjörnum á um 5-10 ára fresti en mögulegur endingartími tjarnanna er um 30 ár. Eftir þann tíma er líklegt að endurnýja þurfi jarðvegsdúk til að fyrirbyggja lekt úr tjörnunum. Gert er ráð fyrir að urða þurfi botnfellanleg efni. Eftirlit verður haft með virkni settjarnanna en mælingar og tilhögun eftirlits eru í þróun. Umhverfisstofnun bendir á að meðhöndla skal úrgang úr settjörnum skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Urðun úrgangs skal vera skv. reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs. Um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs er vísað til II. viðauka sömu reglugerðar.

Umhverfisstofnun telur að þær framkvæmdir sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir dragi úr neikvæðum áhrifum frárennslis á lífríki og umhverfi Elliðaána. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytinguna að deiliskipulagstillögunni.

Virðingarfyllt,

Ólafur A. Jónsson  
Sérfræðingur

Helgi Jónsson  
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun